

Skaftárhreppur-Kirkjubæjarklaustri  
Oddur B. Thorarensen,  
skipulags og byggingarfulltrúi  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. september 2008  
Tilvísun: UST20080700149/ksj

### **Skaftárhreppur – Aðalskipulag 2002 – 2014 Breyting á aðalskipulagi við Lakagíga**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps dags. 24. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 – 2014 við Lakagíga.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um breytingar á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 – 2014, Lakagígasvæði dags. 20. september 2007 þar sem fram komu eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

-Að í tillögu að breyttu aðalskipulagi verði gert ráð fyrir þeim möguleika að byggð verði upp framtíðar aðstaða fyrir 2 - 3 landverði í Blágili.

-Að í skipulagi fyrir Lakagígasvæðið verði settar reglur um hestaumferð þar sem svæðið er viðkvæmt fyrir raski og að gert verði ráð fyrir því að hafa hesta í taumi í gegnum það svæði sem verður hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.


-Að staðið verði þannig að gerð nýs tengivegar frá Laufbala við Miklafell að núverandi vegi að Laka við Galta, að veglagningin hafi sem minnst umhverfisáhrif í för með sér og að vegurinn falli vel að landinu.


Einnig vakti stofnunin athygli á að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum meðal þeirra framkvæmda sem kunna að vera háðar mati á umhverfiáhrifum, en það kom ekki fram í skipulagstillögunni.

-Að mikilvægt sé að við hönnun þjónustumiðstöðvar, sem gert er ráð fyrir að verði staðsett á Galta, verði miðað við að hún verði lágrest og skeri sig eins lítið úr umhverfinu og mögulegt er.

Í inngangi að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 – 2014 við Lakagíga sem nú hefur verið auglýst er athugasemda Umhverfisstofnunar getið en ekki er tekið tillit til þeirra nema að takmörkuðu leyti í aðalskipulagstillögunni. Umhverfisstofnun ítrekar því athugasemdir sínar.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit Skipulagsstofnun